



Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík, 6. nóvember 2020  
UST202003-060/H.R.A.  
08.14.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 3. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna frávikanna er fram komu við eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal þann 2. júní sl.. Þann 17. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Á urðunarstaðnum mátti finna nokkuð af plasti og brotajárni sem flokkast ekki sem óvirkur úrgangur og á því ekki að vera á urðunarstaðnum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að brýna fyrir losunaraðilum að vakta losunargáma betur og hafa eftirlit tíðara á urðunarstað.**
- 2. Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og fugla. Úrgangur í urðunarrein var ekki birgður við eftirlit. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að flytja efni á urðunarstað sem verður notað til að uppfylla kröfur starfsleyfis.**
- 3. Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Samkvæmt tl. 11 í gr. 5.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili skrá upplýsingar um daglega uppgufun. Skráningar vegna þessa lágu ekki fyrir við eftirlit. **Rekstraraðili skilaði inn upplýsingum um daglega uppgufun þann 5. nóvember sl. og telst frávikinu því lokið.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

**Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra**